



## Grundarfjarðarbær

### Reglur um afslátt af fasteignaskatti 2019

#### 1. gr.

Til að geta átt rétt á afslætti af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni, þarf eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt:

- a. Viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegar verða að eiga lögheimili í Grundarfjarðarbæ og séu þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.
- b. Umsækjandi sé 75% öryrki eða 67 ára eða eldri. Ellilífeyrisþegar geta fyrst átt rétt á afslætti hafi þeir orðið 67 ára á næsta ári á undan álagningarári. Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- c. Umsækjandi búi sjálfur í íbúðarhúsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði, þegar umsækjandi dvelur á stofnun, á því ári sem viðkomandi fer á stofnun og næsta ár á eftir, enda hafi viðkomandi ekki leigutekjur af húsnæðinu og/eða að fasteignin sé ekki nýtt af öðrum til íbúðar.
- d. Sé umsækjandi í óvígðri sambúð gilda sömu reglur og um hjón sé að ræða.
- e. Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.
- f. Falli annar aðilinn, sem getið er í staflíð d, frá, þá á sá eftirlifandi rétt á því að njóta afsláttar hjóna, eða sambúðaraðila, út árið sem fráfallið átti sér stað á, óski hann þess.
- g. Verði slit á hjónabandi eða sambúð þeirra einstaklinga sem getið er í staflíð d, þá eiga aðilar máls rétt á öðru tveggja, frá og með þeim tíma sem lögskilnaður er skráður eða sambúðarslit skráð:
  1. að njóta óbreytts afsláttar út álagningarárið óski þeir þess.
  2. að vera meðhöndlaðir sem einstaklingar frá og með þeim tíma óski þeir þess, enda geti þeir með fullnægjandi hætti sýnt aðgreindar sértekjur sínar vegna ársins á undan sbr. gr. 2 og 3.

#### 2. gr.

Varðandi tekjuviðmiðanir gilda þær tekjur sem eru stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þær voru skv. síðustu skattskýrslu. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðra sambýlisaðila.

#### 3. gr.

Afsláttur fasteignaskatts til eldri borgara og öryrkja reiknast sjálfvirkt út frá upplýsingum Ríkisskattstjóra skv. skattframtali 2018, miðað við tekjur ársins 2017.

#### 4. gr.

Afsláttartafla árið 2019:

Tekjur einstaklinga skv. skattframtali 2018/v tekna 2017			Tekjur hjóna/sambýlisfólks skv. skattframtali 2018/v tekna 2017		
Afsláttur	Frá kr.	Til kr.	Afsláttur	Frá kr.	Til kr.
100%	0	3.236.864	100%	0	5.468.732
75%	3.236.865	3.556.636	75%	5.468.733	5.793.398
50%	3.556.637	3.904.139	50%	5.793.399	6.137.640
25%	3.904.140	4.233.696	25%	6.137.641	6.452.518
0%	4.233.697	og yfir	0%	6.452.519	

Hámarksafsláttur árið 2019 er kr. 93.222,-

5. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 4 mgr., 5. gr.

Reglurnar voru samþykktar í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 13. desember 2018 og gilda árið 2019. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um afslátt af fasteignaskatti 2018 frá 1. nóvember 2017.

Grundarfirði, 13. desember 2018

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri